


Sorpeyðingarstöð Suðurnesja sf,
Berghólabraut 7
260 Njarðvík



UMHVERFISSTOFNUN

AFRIT

Reykjavík, 7. maí 2014
Tilvísun: UST20130500143/edk


Sjónarmið rekstraraðila vegna fráviks móttekin – máli lokið


Umhverfisstofnun vísar í bréf með eftirlitsskýrslu, dagsett 13. febrúar 2014, þar sem fjallað er um nýtt frávik sem kom fram við eftirlit. Frávikidið varðar það að niðurstöður mælinga sýndu að starfsemin er yfir þeim losunarmörkum sem gefin eru upp sem dagleg meðalgildi fyrir ryk og brennisteinsdíoxíð sbr. ákv. 2.21 í starfsleyfi.

Þann 6. mars sl. bárust skýringar rekstraraðila á umrædda frávikinu. Í bréfinu segir rekstraraðili að mælingarnar byggja á 30 mínútna meðaltölum en ekki daglegum meðalgildum eins og vísað er til í frávikinu. Mæliniðurstöður séu innan þeirra marka sem kveðið er á um fyrir 30 mínútna meðaltöl í starfsleyfi. Umhverfisstofnun fellst á þessar skýringar og mun ekki fylgja þessu frávikinu eftir frekar í þetta sinn.

Umhverfisstofnun vill þó vekja athygli á að losunarmörk miðað við 30 mínútna meðaltöl eru rýmri en krafan sem er gerð um dagleg meðalgildi og rekstraraðili þarf að standast bæði þessi mörk. Umhverfisstofnun gerir því kröfu um að rekstraraðili skili inn bæði daglegum gildum og 30 mínútna meðaltölum skv. ákv. 2.21 í starfsleyfi næst þegar mælingar fara fram.

Virðingarfyllt


Sigrún Agústsdóttir
sviðsstjóri


Eva Dögg Kristjánsdóttir
sérfræðingur

Afrit: Heilbrigðisnefnd Suðurnesja